



## Reglur um álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2018

### Fasteignaskattur

<b>Skattflokkur A</b>	
Íbúðarhúsnæði	<b>0,50% af fasteignamati húss og lóðar.</b>
<b>Skattflokkur B</b>	
Opinbert húsnæði í eigu ríkisins	<b>1,32% af fasteignamati húss og lóðar</b>
<b>Skattflokkur C</b>	
Aðrar fasteignir	<b>1,65% af fasteignamati húss og lóðar.</b>

### Heimild til lækkunar fasteignaskatta

Notuð er heimild til lækkunar fasteignaskatta hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum af íbúð til eigin nota. Lækkun fasteignaskattsins er tekjutengd miðað við heildartekjur 2016 og álagningu skattstjóra 2017, samkvæmt eftirfarandi tekjumörkum:

Einstaklingur með tekjur allt að	kr. 3.460.000	100 %	lækkun fasteignaskatts.
Einstaklingur með tekjur allt að	kr. 4.500.000	50 %	lækkun fasteignaskatts.
Hjón með tekjur allt að	kr. 5.665.000	100 %	lækkun fasteignaskatts.
Hjón með tekjur allt að	kr. 8.210.000	50 %	lækkun fasteignaskatts.

Þeir sem telja sig eiga rétt á lækkun fasteignaskatts eru vinsamlegast beðnir að snúa sér til bæjarskrifstofunnar, og leggja fram afrit af síðustu skattaskýrslu.

### Vatnsgjald, holræsagjald og lóðarleiga

<b>Vatnsgjald</b>	<b>0,4 %</b>	af fasteignamati húss og lóðar
<b>Holræsagjald</b>	<b>0,3 %</b>	af fasteignamati húss og lóðar
<b>Lóðarleiga – íbúðarhúsalóð</b>	<b>1,4 %</b>	af fasteignamati lóðar
<b>Lóðarleiga – allar aðrar lóðir</b>	<b>2,5 %</b>	af fasteignamati lóðar

### Sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld

<b>Sorphreinsigjald</b>	<b>kr. 27.950 á íbúð</b>	
<b>Sorpeyðingargjald</b>	<b>kr. 19.950 á íbúð</b>	(samtals kr. 47.900)

Sorpgjöld á fyrirtæki og lögaðila eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem tekur mið af sorpmagni.

### Gjalddagar

Fyrir ofangreind gjöld sem eru samtals yfir 45.000 kr. eru gjalddagar 9 talsins <i>1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október</i>
<b>Fyrir gjöld sem samtals eru undir kr. 45.000.- er gjalddaginn 1. mars 2018.</b>